

Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna vegagerðar um Dynjandisvog.

Athugasemd vegna skipulagstillagna.

Breyting á legu Vestfjarðavegar 60 um Dynjandisvog. Skipulagsbreytingin gerir ráð fyrir tveim veglínunum D og F úr umhverfismati Vegagerðarinnar, einnig er um að ræða efnisvinnslu og efnistöku á svæðinu.

Veglína F vikur mjög frá núverandi vegi um Dynjandisdal og Dynjandisvog og væri val á þeirri veglínu mjög í andstöðu við friðlýsingu náttúruvættisins við Dynjandisvog, þar sem veglína F gerir ráð fyrir miklum skeringum og fyllingum í hlíð Meðalnesfjalls ofan við Búðavík um Álftahjalla. Ljóst er að veglína F myndi valda mikilli breytingu á ásýnd svæðisins sem heildar og lítt raskaðs svæðis, veglínan færir um svæði þar sem snjóflóðahætta er til staðar og allt rask yrði mjög áberandi, t.d frá hlaðinu við Dynjanda. Leiðarval F samræmist ekki verndarskilmálum friðlýsts svæðis við Dynjanda að mati Umhverfisstofnunar.

Það hefur verið talið til jákvæðra áhrifa af leið F að hún hafi vegna meiri fjarlægðar frá Dynjanda minni áhrif á hljóðvist, tilvitnun „því kann hún að leiða til aukinnar friðsældar í næsta nágrenni fossins“. Ljóst má vera að sá sem setti þessa setningu á blað hefur sennilega ekki upplifað það að standa við Dynjanda, Dynjandi og fossaröðin á alla hljóðvistina þegar gengið er með fossunum. Mikilvægt er að hið sjónræna verði látið ráða för um leiðarval við vegarlagninguna.

Þá er kosturinn sá að náttúran og svæðið njóti vafans eins og hægt er við nauðsynlegar vegabætur, sem eru löngu tímabærar.

Veglína D mun fylgja þegar röskuðu svæði núverandi vegar og hafa í för með sér mun minni sjónræn áhrif á heildarumhverfið og yrði til muna minna áberandi við Dynjanda. Ekki er þessi leið þó gallalaus, einkum vegna fornminja við Búðavík, sem þegar eru að hluta raskaðar og voru þær rannsakaðar s.l. sumar. Sé beitt þeirri aðferðafræði við vegarlagninguna að raska sem minnstu utan vegsvæðis, líkt og gert var á Þingvallavegi og Dettifossvegi og stendur einnig til að gera á Vestfjarðavegi um Teigsskóg, þá með að nýta svarðlag til uppgræðslu og lágmarka einnig breidd veghelgunarsvæðis þá er vel gerlegt að fylgja núverandi vegi án þess að stofna fornleifum í frekari röskun en þegar er. Þannig væri best að varðveita heildarásynd svæðisins.

Það fylgir óhjákvæmilega rask að leggja nútíma veg í stað vegarins sem hefur þjónað þarna í rúm 60 ár og með vilja er hægt að halda öllu raski í lágmarki við gerð nýs vegar. Á þann hátt yrði upplifun af framkvæmdinni til muna jákvæðari í þessu viðkvæma landi. Einnig verði lögð áhersla á að vinnusvæði verði vel afmarkað við framkvæmdina alla til að halda raski í lágmarki.

Ábending varðandi námur er að námur E25 og E26 eru þegar fullnýttar við vegagerðina um Mjólkárhlíð og fyrir Meðalnesið sem lauk s.l. haust. Þær verða því ekki nýttar vegna frekari vegagerðar um Dynjandisvog og Dynjandisdal.

Umhverfisins og ásýndarinnar vegna er ekki hægt að fallast á annað leiðarval en leið D. Þar sem vel er framkvæmanlegt að halda öllu raski í lágmarki sé vilji til þess.

Ísafirði 29.mars 2022

Guðmundur R Björgvinsson Brimnesvegi 24 425 Flateyri

Geir Sigurðsson Móholti 11 400 Ísafirði

